

Aðalfundur Skógræktarfélagss Íslands á Blönduósi

ADALFUNDUR Skógræktarfélagss Íslands hefst í félagsheimilinu á Blönduósi í dag og stendur fram að hádegi á sunnudag. Alls er reiknað með að fulltrúar á fundinum og gestir verði um 100 talsins. Meðal gesta er fyrrverandi formaður norska skógræktarfélagssins, Toralf Austin,

og sendiherra Noregs á Íslandi, Niels Lauritz Dahl.

Í dag verður fundurinn settur klukkan 10 og síðan taka venjulega aðalfundarstörf við. Á morgun, laugardag, hefst fundur klukkan 9 með erindi Jóns Gunnars Ottóssonar um rannsóknarstörf í íslenskri skógrækt og kynningu á starfsemi rannsóknarstöðvarinnar að Mógilsá. Síðan er skoðunarferð um Blöndudalshóla í skógarreiti að Gunnfríðarstöðum og Saudanesi. Fundarstörfum verður fram haldið á sunnudagsmorgun og lýkur fundi síðan um hádegi.

Skógræktarmál hafa verið mjög í brennidepli að undanfögnu og má í því sambandi nefna framtak Kvenfélagsambands Íslands, sem minnst 70 ára afmælis kosningaréttar kvenna héraendis með sérstöku gróðursetningarátaki, og Ungmennafélags Íslands. Ennfremur hafa mörg sveitarfélög gert átak í þessum efnun.

Formaður Skógræktarfélagss Íslands er Hulda Valtýsdóttir.

Laugarásbíó frumsýnir Grímuna:

Frum-sýning- artekjur renna til Skálatúns

Á MORGUN hefst sýningar í Laugarásbíói á myndinni „Gríman“ eftir leikstjórn Peter Bogavitsj. Hefur stjórn Laugarásbíós ákveðið að ágóði af frumsýningunni kl. 5 í dag renni óskiptur til vistheimilisins í Skálatúni.

Myndin fjallar um táninginn Rocky sem er eðlilegur á allan hátt en vegna kalkmyndunar í höfuðkúpu afmyndast höfuð hans og andlitid verður eins og gríma. Pilturinn fær óspart að finna fyrir hversu miskunnarlaus heimurinn getur verið við þá sem eru óðruvísi en almennt gerist. Móðir hans er drykkfeld og rótlaus en berst þó ótraud fyrir rétti sonar síns.

Með hlutverk móðurinnar fer söngkonan Cher en Eric Stoltz leikur soninn.

Veðrið:

Víða bjart

HÆG norðaustanátt mun ríkja á landinu næstu þrjú daga samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofnunni. Víða verður bjart um sunnan- og vestanvert landið en skýjað með súld og jafnvel rigningu á stöku stað á landinu norðanverðu. Hitinn verður á bilinu 5 til 10 stig, svalara fyrir norðan en hlýrra syðra.



Morgunblaðið/Július

Þau voru að setja upp sýningu Septem-hópsins á Kjarvalsstöðum á dögunum. F.v. Hafsteinn Austmann, Guðmundur Benediktsson, Jóhannes Jóhannesson, Valtýr Pétursson og Guðmunda Andrésdóttir. Á myndina vantar Kristján Davíðsson.

Fjölbreytt sýning en sver sig þó í ættina við okkur

— segir Valtýr Pétursson um sýningu Septem-hússins.

Sýningar Septem-hópsins eru löngu orðnar árviss viðburður í menningarlífinu. Á morgun, laugardag, kl. 14. verður sú þrettánda í röðinni opnuð á Kjarvalsstöðum og stendur til 15. september.

Í Septem-hópnum eru þau Guðmunda Andrésdóttir, Karl Kvaran, Steinhólr Sigurðsson, Guðmundur Benediktsson, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson. Þeir Karl og Steinhólr taka ekki þátt í sýningu hópsins að þessu sinni, en gestir sýningarinnar eru hins vegar tveir, þeir Hafsteinn Austmann og Jens Urup.

„Að þessari sýningu meðtaldri erum við búin að sýna árlega í þrettán ár en hún verður að duga fyrir næsta ár líka, því að næsta sýning verður ekki fyrr en eftir tvö ár,“ sagði Valtýr Pétursson þegar blaðamaður átti við hann stutt spjall í haustsólinni fyrir utan Kjarvalsstaði þar sem listamennirnir voru að leggja síðustu hönd á uppsetningu sýningarinnar.

„Verkin á sýningunni verða eitthvað um sextíu,“ sagði Valtýr. „Guðmundur Benediktsson er með skúlptúra, Jens Urup sýnir steinda glugga sem hann hefur gert fyrir

Sauðárkrókskirkju, Hafsteinn Austmann sýnir málverk og vatnslitamyndir og við hinir ein-göngu málverk. Ég er þarna með figúratív verk en hinir eru meira abstrakt, en við leggjum ekki áherslu á neinn sérstakann „isma“. Einu sinni vorum við skammaðir fyrir að vera framúr-stefnumenn, en núna finnst kannski sumum við vera aftur-haldssamir,“ sagði Valtýr.

„Það má kannski kalla okkur síðustu móhikanana,“ bætti Valtýr við og kímði. „Síðan verður hver og einn að leggja sinn skilning í það hugtak.“

VERTU MEÐ!

Já, vertu með í hugmyndasamkeppninni um ný vörumerki fyrir fatnað sem framleiddur er í Fataverksmiðjunni Heklu á Akureyri.

Samkeppnin er öllum opin og eru allar hugmyndir vel þegnar, hvort heldur þær eru hugdettur eða betur útfærðar tillögur, í orðum eða línunum – eða kannski allt þetta.

Efniviðurinn er margþættur því verksmiðjan framleiðir föt á konur, karla og börn, til úti- eða inniveru, í starfi eða að leik.

Verðlaun verða veitt fyrir þrjár bestu hugmyndirnar að mati sérstakrar dómnefndar. Þau eru:

1. verðlaun kr. 40.000
2. verðlaun kr. 20.000
3. verðlaun kr. 10.000

Skilafrestur er til 15. september og skulu tillögur sendar Fatadeild Sambandsins, Holtagörðum, 104 Reykjavík, merktar HUGMYNDASAMKEPPNI.

Réttur er áskilinn til að taka hvaða tillögu sem er eða hafna öllum, eins og þar stendur, nota þær sem hljóta viðurkenningu dómnefndar og vinna frekar úr skissum.

Vinum saman
vertu með!



FATADEILD SAMBANDSINS
HOLTAGÖRÐUM SÍMI 8 12 66